



## BARNAVERNDARSTOFA

---

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu þrjá mánuði áranna 2015 og 2016

**2016**

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrstu þrjú mánuði áráanna 2015 og 2016. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir fyrstu þrjú mánuði áráanna 2015 og 2016.

### **Tilkynningar til barnaverndarnefnda**

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 1,5% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016 miðað við sama tímabil árið á undan. Fjöldi tilkynninga á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016 var 2.169 tilkynningar, en 2.137 fyrir sama tímabil árið á undan. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði lítillega en á landsbyggðinni fjölgaði tilkynningum um 10,5%. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016 voru vegna vanrækslu eða 38,4% tilkynninga. Hlutfall tilkynningar fyrir sama tímabil árið á undan vegna vanrækslu var 38,8%. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis var 28,8% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016, en 27,6% fyrir sama tímabil árið á undan. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 31,9% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016 en 32,7% fyrir sama tímabil árið á undan. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var um 1,0% bæði árin.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu var 10,1% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016, en 11,8% fyrir sama tímabil árið á undan. En í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 8,0% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016, en 6,6% fyrir sama tímabil árið á undan.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 41,7% tilkynninga á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016, hlutfallið var 40,9% fyrir samatímabil árið á undan.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016 var 1.830 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 1.792 börn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

## **Umsóknir til Barnaverndarstofu**

Umsóknum um meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu fjölgaði um 28% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015 miðað við sama tímabil árið á undan sem skýrist aðallega af fjölgun umsókna í MST meðferð. Umsóknum um Stuðla fjölgaði um eina eða úr 6 í 7, umsóknum um önnur meðferðarheimili (Laugaland, Lækjarbakka og Háholt) voru jafn margar bæði tímabilin eða 5 talsins en umsóknum um MST fjölgaði úr 21 umsókn í 29 umsóknir. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Frá því í febrúar 2015 hefur þjónusta MST náð til alls landsins, en áður var þjónustuvæðið miðað við 60 min. akstursfjarlægð frá Reykjavík. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016.

Beiðnum til Barnaverndarstofu um fósturheimili fjölgaði fyrstu þrjá mánuði ársins 2016 um 71% eða úr 21 beiðni í 36 miðað við sama tímabilið árið á undan. Beiðnum fjölgaði mest um tímabundið fóstur. Flestar beiðnir voru frá Reykjavík bæði árin. Fleiri beiðnir bárust fyrir drengi bæði árin.

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum alls fækkaði úr 61 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015 í 59 fyrir sama tímabil árið 2016. Skýrslutökum fyrir dómi fækkaði úr 37 í 25 milli ára, en könnunarviðtölum fyrir barnaverndarnefndir fjölgaði úr 24 í 34. Skýrslutökum vegna kynferðislegs ofbeldis fækkaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016 miðað við sama tímabil árið á undan, en frá því í mars 2015 hefur Barnahús einnig sinnt skýrslutökum og meðferð barna sem hafa upplifað líkamlegt ofbeldi og/eða heimilisofbeldi. Börnum sem fóru í greiningar- og meðferðarviðtöl fjölgaði úr 36 í 44. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 80,3% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015, en 55,9% fyrir sama tímabil á árinu 2016.

Vistanir á neyðarvistun Stuðla voru 46 á fyrstu þrem mánuðum ársins 2016 en 41 fyrir sama tímabil árið á undan. Vistunardögum fækkaði úr 294 í 244. Fjöldi einstaklinga var 37 börn á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016, en 27 börn fyrir sama tímabil árið á undan.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar fjölgaði, voru 17 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016, en 13 fyrir sama tímabil árið á undan. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

## Tilkynningar til barnaverndarnefnda

### Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	1.005	47,0	939	43,3
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	10	0,5	15	0,7
Barnavernd Kópavogs	205	9,6	167	7,7
Fjölskylduráð Garðabæjar	71	3,3	84	3,9
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	231	10,8	267	12,3
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	116	5,4	114	5,3
Fjölskylduráð Grindavíkur	7	0,3	16	0,7
Fjölskyldu-og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	68	3,2	45	2,1
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	34	1,6	55	2,5
Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar	51	2,4	51	2,4
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala Félagsmála-og barnaverndarnefnd Snæfellinga	16	0,8	29	1,3
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	16	0,8	27	1,2
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	37	1,7	35	1,6
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	3	0,1	2	0,1
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	1	0,0	9	0,4
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	32	1,5	11	0,5
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	13	0,6	7	0,3
Barnaverndarnefnd Útey	4	0,2	16	0,7
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	82	3,8	94	4,3
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	16	0,8	8	0,4
Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	12	0,6	8	0,4
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	14	0,7	17	0,8
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	7	0,3	7	0,3
Félagsmálanefnd Árborgar	32	1,5	31	1,4
Velferðarnefnd Árnesþings	16	0,7	21	1,0
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V- Skaftafellssýslu	13	0,6	28	1,3
Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja	25	1,2	66	3,0

<b>Samtals</b>	<b>2.137</b>	<b>100,0</b>	<b>2.169</b>	<b>100,0</b>
----------------	--------------	--------------	--------------	--------------

### Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum


Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	1.080	50,5	1.167	53,8
Stúlkur	1.036	48,5	990	45,6
Ekki vitað <sup>1</sup>	21	1,0	12	0,6
<b>Samtals</b>	<b>2.137</b>	<b>100,0</b>	<b>2.169</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

### Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði <sup>1</sup>	1.556	72,8	1.527	70,4
Landsbyggð	581	27,2	642	29,6
<b>Samtals</b>	<b>2.137</b>	<b>100,0</b>	<b>2.169</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarsahreppur.



## Fjöldi barna sem tilkynnt var um<sup>1</sup>

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	782	43,6	742	40,5
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	10	0,6	15	0,8
Barnavernd Kópavogs	179	10,0	151	8,3
Fjölskylduráð Garðabæjar	65	3,6	71	3,9
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	206	11,5	232	12,7
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	100	5,6	103	5,6
Fjölskylduráð Grindavíkur	7	0,4	14	0,8
Fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	58	3,2	40	2,2
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	28	1,6	47	2,6
Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar	39	2,2	45	2,5
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	12	0,7	25	1,4
Félagsmála- og barnaverndarnefnd Snæfellinga	16	0,9	27	1,5
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	35	1,9	28	1,5
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	3	0,2	2	0,1
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	1	0,1	5	0,3
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	28	1,6	11	0,6
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	13	0,7	7	0,4
Barnaverndarnefnd Útey	4	0,2	16	0,9
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	75	4,2	88	4,8
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	14	0,8	6	0,3
Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	12	0,7	8	0,4
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	13	0,7	14	0,8
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	7	0,4	7	0,4
Félagsmálanefnd Árborgar	32	1,8	29	1,6
Velferðarnefnd Árnesþings	16	0,9	21	1,1
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V- Skaftafellssýslu	13	0,7	28	1,5
Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja	24	1,3	48	2,6
<b>Samtals</b>	<b>1.792</b>	<b>100,0</b>	<b>1.830</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

## Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	897	50,1	972	53,1
Stúlkur	881	49,2	844	46,1
Ekki vitað <sup>1</sup>	14	0,8	14	0,8
<b>Samtals</b>	<b>1.792</b>	<b>100,0</b>	<b>1.830</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði <sup>1</sup>	1.270	70,9	1.258	68,7
Landsbyggð	522	29,1	572	31,3
<b>Samtals</b>	<b>1.792</b>	<b>100,0</b>	<b>1.830</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall <sup>1</sup>	Fjöldi	Hlutfall <sup>1</sup>
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	1.311	73,2	1.415	77,3
Drengir	669	51,0	750	53,0
Stúlkur	628	47,9	653	46,1
Ekki vitað <sup>2</sup>	14	1,1	12	0,8
Þar af nýjar kannanir	727	40,6	760	41,5
Drengir	364	50,1	389	51,2
Stúlkur	350	48,1	363	47,8
Ekki vitað <sup>2</sup>	13	1,8	8	1,1

<sup>1</sup>Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um

<sup>2</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Ástæður tilkynninga

Ástæður tilkynninga	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Vanræksla</b>	<b>829</b>	<b>38,8</b>	<b>834</b>	<b>38,4</b>
<i>Drengir</i>	411	19,2	431	19,9
<i>Stúlkur</i>	418	19,6	403	18,6
Líkamleg vanræksla	37	1,7	63	2,9
<i>Drengir</i>	23	1,1	36	1,7
<i>Stúlkur</i>	14	0,7	27	1,2
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	639	29,9	650	30,0
<i>Drengir</i>	318	14,9	339	15,6
<i>Stúlkur</i>	321	15,0	311	14,3
Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	253	11,8	219	10,1
<i>Drengir</i>	128	6,0	108	5,0
<i>Stúlkur</i>	125	5,8	111	5,1
Vanræksla varðandi nám	61	2,9	67	3,1
<i>Drengir</i>	31	1,5	34	1,6
<i>Stúlkur</i>	30	1,4	33	1,5
Tilfinningaleg vanræksla	111	5,2	87	4,0
<i>Drengir</i>	54	2,5	38	1,8
<i>Stúlkur</i>	57	2,7	49	2,3
<b>Ofbeldi</b>	<b>589</b>	<b>27,6</b>	<b>625</b>	<b>28,8</b>
<i>Drengir</i>	263	12,3	300	13,8
<i>Stúlkur</i>	326	15,3	325	15,0
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	296	13,9	387	17,8
<i>Drengir</i>	142	6,6	182	8,4
<i>Stúlkur</i>	154	7,2	205	9,5
þar af heimilisofbeldi	142	6,6	174	8,0
<i>Drengir</i>	60	2,8	82	3,8
<i>Stúlkur</i>	82	3,8	92	4,2
Líkamlegt ofbeldi	149	7,0	138	6,4
<i>Drengir</i>	91	4,3	90	4,1
<i>Stúlkur</i>	58	2,7	48	2,2
Kynferðislegt ofbeldi	137	6,4	90	4,1
<i>Drengir</i>	33	1,5	23	1,1
<i>Stúlkur</i>	104	4,9	67	3,1




<b>Áhættuhegðun barna</b>	<b>698</b>	<b>32,7</b>	<b>691</b>	<b>31,9</b>
<i>Drengir</i>	410	19,2	432	19,9
<i>Stúlkur</i>	288	13,5	259	11,9
Neysla barns á vímuefnum	159	7,4	126	5,8
<i>Drengir</i>	114	5,3	68	3,1
<i>Stúlkur</i>	45	2,1	58	2,7
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	238	11,1	240	11,1
<i>Drengir</i>	102	4,8	137	6,3
<i>Stúlkur</i>	136	6,4	103	4,7
Afbrot barns	154	7,2	167	7,7
<i>Drengir</i>	93	4,4	121	5,6
<i>Stúlkur</i>	61	2,9	46	2,1
Barn beitir ofbeldi	112	5,2	117	5,4
<i>Drengir</i>	93	4,4	87	4,0
<i>Stúlkur</i>	19	0,9	30	1,4
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	60	2,8	72	3,3
<i>Drengir</i>	25	1,2	44	2,0
<i>Stúlkur</i>	35	1,6	28	1,3
<b>Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu</b>	<b>21</b>	<b>1,0</b>	<b>19</b>	<b>0,9</b>
<b>Tilkynningar alls</b>	<b>2.137</b>	<b>100,0</b>	<b>2.169</b>	<b>100,0</b>
<b>Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu<sup>2</sup></b>	<b>104</b>	<b>100,0</b>	<b>139</b>	<b>100,0</b>
<i>Drengir</i>	46	44,2	71	51,9
<i>Stúlkur</i>	58	55,8	68	48,9
<i>Ekki vitað<sup>3</sup></i>	0	0,0	0	0,0

<sup>1</sup>Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

<sup>2</sup>Að mati tilkynnanda

<sup>3</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna



## Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	9	0,4	14	0,6
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	110	5,2	106	4,9
Nágrannar	117	5,5	166	7,7
Önnur barnaverndarnefnd	45	2,1	39	1,8
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	67	3,1	58	2,7
Lögregla	874	40,9	904	41,7
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	313	14,7	308	14,2
Leikskóli/gæsluforeldri	43	2,0	67	3,1
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	231	10,8	187	8,6
Foreldrar barns	176	8,2	164	7,6
Aðrir	152	7,1	156	7,2
<b>Samtals</b>	<b>2.137</b>	<b>100,0</b>	<b>2.169</b>	<b>100,0</b>

## Umsóknir um meðferð

### Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	6	18,8	7	17,1
Önnur meðferðarheimili*	5	15,6	5	12,2
MST	21	65,6	29	70,7
<b>Samtals</b>	<b>32</b>	<b>100,0</b>	<b>41</b>	<b>100,0</b>

\* Laugaland, Lækjarbakki og Háholt

### Umsóknir um Stuðla eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	4	66,7	3	42,8
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	0	0,0	2	28,6
Landsbyggð	2	33,3	2	28,6
<b>Samtals</b>	<b>6</b>	<b>100,0</b>	<b>7</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Umsóknir um önnur meðferðarheimili eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	4	80,0	2	40,0
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	0	0,0	2	40,0
Landsbyggð	1	20,0	1	20,0
<b>Samtals</b>	<b>5</b>	<b>100,0</b>	<b>5</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Umsóknir um MST eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	11	52,4	8	27,6
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	3	14,3	12	41,4
Eldra þjónustusvæði <sup>2</sup>	6	28,6	6	20,7
Nýtt þjónustusvæði <sup>3</sup>	1	4,8	3	10,3
<b>Samtals</b>	<b>21</b>	<b>100,0</b>	<b>29</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

<sup>2</sup> Eldra þjónustusvæði (60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík)

<sup>3</sup> Nýtt þjónustusvæði (í febrúar 2015 var byrjað að þjónusta allt landið)

### Kyn barna þar sem sótt er um meðferð á Stuðlum

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	2	33,3	4	57,1
Stúlkur	4	66,7	3	42,9
<b>Samtals</b>	<b>6</b>	<b>100,0</b>	<b>7</b>	<b>100,0</b>

### Kyn barna þar sem sótt er um meðferð á öðrum meðferðarheimilum

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	1	20,0	3	60,0
Stúlkur	4	80,0	2	40,0
<b>Samtals</b>	<b>5</b>	<b>100,0</b>	<b>5</b>	<b>100,0</b>

### Kyn barna þar sem sótt er um MST

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	11	52,4	16	55,2
Stúlkur	10	47,6	13	44,8
<b>Samtals</b>	<b>21</b>	<b>100,0</b>	<b>29</b>	<b>100,0</b>

## Beiðnir um fósturheimili

### Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	11	52,4	22	61,1
Varanlegt	5	23,8	9	25,0
Styrkt	5	23,8	5	13,9
<b>Samtals</b>	<b>21</b>	<b>100,0</b>	<b>36</b>	<b>100,0</b>

### Beiðnir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	13	61,9	17	47,2
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	4	19,0	7	19,4
Landsbyggð	4	19,0	12	33,3
<b>Samtals</b>	<b>21</b>	<b>100,0</b>	<b>36</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Kyn barna

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	12	57,1	21	58,3
Stúlkur	9	42,9	15	41,7
<b>Samtals</b>	<b>21</b>	<b>100,0</b>	<b>36</b>	<b>100,0</b>

## Þjónusta í Barnahúsi

### Þjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu 3 mánuði 2015 Fjöldi	Fyrstu 3 mánuði 2016 Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	61	59
a. Skýrslutökur <sup>1</sup>	37	25
Vegna kynferðislegs ofbeldis	33	8
Vegna líkamlegs ofbeldis	4	17
b. Könnunarviðtöl	24	34
Greiningar- og meðferðarviðtöl	36	44
Læknisskoðanir	4	1

<sup>1</sup>Skýrslutökur vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi hófust í mars 2015

### Kyn barna í Barnahúsi

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	12	19,7	26	44,1
Stúlkur	49	80,3	33	55,9
<b>Samtals</b>	<b>61</b>	<b>100,0</b>	<b>59</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

## Neyðarvistun á Stuðlum

### Neyðarvistun á Stuðlum

	Fyrstu 3 mánuði 2015 Fjöldi	Fyrstu 3 mánuði 2016 Fjöldi
Fjöldi vistana	41	46
Vistunardagar	294	244
Fjöldi einstaklinga	27	37

### Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	12	44,4	24	64,9
Stúlkur	15	55,6	13	35,1
<b>Samtals</b>	<b>27</b>	<b>100,0</b>	<b>37</b>	<b>100,0</b>

## Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

### Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu 3 mánuði 2015		Fyrstu 3 mánuði 2016	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Reykjavík og nágrenni <sup>1</sup>	9	69,2	9
Vesturland	1	7,7	2	11,8
Vestfirðir	1	7,7	0	0,0
Norðurland	0	0,0	3	17,6
Austurland	0	0,0	1	5,9
Suðurland	0	0,0	2	15,8
Reykjanes	2	15,4	0	0,0
Fólk búsett erlendis	0	0,0	0	0,0
<b>Samtals</b>	<b>13</b>	<b>100,0</b>	<b>17</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.